

Fundarnúmer:	552
Dagsetning:	11.08.2008
Tími:	10:00
Staður:	Fundarsalur Ráðhúss

FUNDARGERÐ
BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

552. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 11. ágúst 2008 kl. 10:00 í fundarsal að Hvammstangabraut 5, Hvammstanga.

Dagskrá:

1. Forstöðumaður tæknideildar og verkstjóri áhaldahúss mæta á fundinn.
2. Bréf Tónlistarskólans á Akureyri.
3. Bréf Ólafs Benediktssonar.
4. Bréf Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga dags. 28.07.2008, vegna lækkaðra fasteignatekna 2008.
5. Bréf Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga dags. 29.07.2008, um ráðstöfun aukaframlags.
6. Erindi frá 365 hf. dags. 31.07.2008.
7. Umsókn um námsvist utan lögheimilissveitarfélags.
8. Umsóknir um styrk úr Húnasjóði.
9. Umsóknir um stöðu skólastjóra grunnskólans.

Afgreiðslur:

1. Forstöðumaður tæknideildar og verkstjóri áhaldahúss eru mættir til viðræðna við byggðarráð. Rætt um framkvæmdir við flotbyggju, framkvæmdir á lóð leikskóla, starfsemi vinnuskóla, viðhald skólahúsnæðis á Laugarbakka og Reykjum. Greint var frá áhuga eigenda íbúðarhúsnæðis á tilteknu svæði norðan Hvammstanga um að tengjast Hitaveitu Húnaþings vestra. Einnig kynnt beiðni eigenda sumarhúss í landi Syðsta-Óss um að tengjast hitaveitunni og beiðni eigenda Svarðbælis um gerð kostnaðaráætlunar um tengingu við hitaveituna. Byggðarráð samþykkir að gert verði ráð fyrir lagningu hitaveitu að tilteknum býlum norðan Hvammstanga á árinu 2009. Beiðni eigenda sumarhúss í landi Syðsta-Óss samþykkt. Tæknideild falið að vinna kostnaðaráætlun vegna lagningu hitaveitu að Svarðbæli. Greint frá því að uppsetningu ljósastaura í dreifbýli sbr. áætlun ársins 2008 sé lokið.

Forstöðumaður tæknideildar greindi frá tilboðum sem opnuð voru þann 7. ágúst í verkin Ásbraut, jarðvegsskipti og gá mavöllur, jarðvinna og lagnir. Eftirfarandi tilboð bárust v/ Ásbrautar:

Frá Guðmundi Vilhelmssyni kr. 2.174.000-

Frá Steypustöðinni Hvammstanga kr. 2.889.315-

Byggðarráð samþykkir að ganga að tilboði Guðmundar Vilhelmssonar.

Eftirfarandi tilboð bárust v/ gá mavallar:

Frá Guðmundi Vilhelmssyni kr. 10.985.724-

Frá Steypustöðinni Hvammstanga kr. 11.735.645-

Byggðarráð samþykkir að ganga til samninga við Guðmund Vilhelmsson á grundvelli tilboðs hans með þeirri breyttu forsendu að plan gá mavallar verði steipt en ekki malbikað.

Einnig lagt fram tilboð frá Reynd að smíða ehf. í smíðavinnu við gá mavöll kr. 4.757.958-.

Byggðarráð samþykkir að taka tilboðinu.

2. Fram lagt bréf Tónlistarskólans á Akureyri þar sem greint er frá því að einn nemandi með lögheimili í Húnaþingi vestra sé skráður í skólann á komandi hausti. Óskað er eftir því hvort Húnaþing vestra muni greiða kennslukostnað viðkomandi nemanda. Byggðarráð samþykkir að umræddur kennslukostnaður verði ekki greiddur.

3. Fram lagt erindi Ólafs Benediktssonar f.h. undirbúningsnefndar um kynningarátak vegna stóðréttar í Víðidalstungurétt en þar er sótt um fjárstyrk frá Húnaþingi vestra vegna þess átaks. Byggðarráð felur sveitarstjóra að afla frekari upplýsinga.

4. Fram lagt til kynningar bréf Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga þar sem greint er frá framlagi

vegna lækkaðra fasteignatekna 2008. Framlagið er kr. 35.390.853-

5. Fram lagt til kynningar bréf Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga þar sem kynntar eru reglur um ráðstöfun 1.400 millj. kr. aukaframlags til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2008.

6. Bréf 365 hf. lagt fram til kynningar en þar er fjallað um dreifingu Fréttablaðsins.

7. Fram lögð beiðni um námsvist utan lögheimilissveitarfélags fyrir Jóhann Ingva Benediktsson í Grunnskóla Borgarfjarðar að Hvanneyri skólaárið 2008-2009. Byggðarráð samþykkir beiðnina.

8. Úthlutun námsstyrkja úr Húnasjóði 2008. 24 umsóknir bárust, en tvær þeirra falla ekki að samþykktum sjóðsins þar sem viðkomandi eiga ekki lögheimili í Húnaþingi vestra.

Byggðarráð samþykkir að úthluta eftirtöldum námstyrk úr Húnasjóði 2008:

Aldísi Olgu Jóhannesdóttur, nema í viðskiptalögfræði.

Andreu Björnsdóttur, nema í þroskaþjálfun.

Arnari Birgi Ólafssyni, nema í umhverfisskipulagi.

Haraldi Inga Hilmarssyni, nema í rafmagnstækniþæknifræði.

Sigursteini Hrólfssyni, nema í margmiðlunarframleiðslu.

Önnu Elísabetu Gestsdóttur, nema í grunnskólakennarafræðum.

Birgittu Maggý Valsdóttur, námskeið í lýðháskóla.

Styrkfjárhæð á hvern styrkþega er kr. 100.000-

9. Fram lagðar umsóknir um stöðu skólastjóra við Grunnskóla Húnaþings vestra.

Umsóknir bárust frá eftirtöldum:

Bergnýju Jónu Sævarsdóttur.

Einari S. H. Þorbergssyni.

Guðmundi Helga Helgasyni.

Sigurði Þór Ágústssyni.

Byggðarráð samþykkir að vísa umsóknunum til fræðsluráðs.

Samþykkt að taka á dagskrá:

10. Fram lagt erindi Rognvaldar Guðmundssonar og Höllu Steinólfsdóttur f.h.

Ólafsdalsfélagsins, sjálfseignastofnunar, en þar er Húnaþingi vestra boðið að gerast stofnaðili að félaginu. Byggðarráð samþykkir að hafna erindinu.

11. Fram lögð fundargerð 150. fundar Skipulags- og umhverfisráðs frá 7. ágúst sl.

Fundargerðin er í 3 liðum. Byggðarráð samþykkir fundargerðina.

12. Byggðarráð samþykkir að úthluta Karli Sigurðssyni íbúð fyrir aldraða að Nestúni 2 frá og með 1. október nk.

13. Heimir Ágústsson lagði fram fyrirspurn um viðskipti Húnaþings vestra við Sjónaukann á árunum 2006 og 2007.

Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 12:45

Heimir Ágústsson(sign.), Skúli Þórðarson(sign.),
Guðný Helga Björnsdóttir(sign.), Elín R. Línal(sign.).

Áheyrnarfulltrúi:

Oddur Sigurðarson(sign.).